

**556. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38, 14.  
maí 2020  
og hófst hann kl. 18:00.**

**Fundinn sátu:**

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Guðni Ólafsson (GÓ), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Lilja Magnúsdóttir (LM), Berglind Eir Egilsdóttir (BEE) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

**Fundargerð ritaði:** Ólafur Þór Ólafsson, Sveitarstjóri

Oddviti býður fundarmenn velkomna og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 556 lögmætan. Oddviti óskar eftir afbrigðum á dagskrá um að mál númer 2004534 verði tekið á dagskrá og er það samþykkt.

**Dagskrá:**

**22 Fundargerðir 2020 Samband íslenskra sveitarfélaga - 2002160**

Fundargerðir stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 881 frá 24. apríl 2020, nr. 882 frá 29. apríl 2020 og nr. 883 frá 8. maí 2020 lagðar fram.

*Lagt fram til kynningar.*

**23 Fundargerðir 2019 Ársreikningur og Ársskýrsla 2018 Náttúrustofa Vestfjarða - 1902512**

Fundargerð 126. fundar stjórnar Náttúrustofu Vestfjarða sem fór fram 6. nóvember 2019 lögð fram.

*Lagt fram til kynningar.*

**24 Fundargerðir 2020 Náttúrustofu Vestfjarða (NAVE) - 2004669**

Fundargerðir stjórnar Náttúrustofu Vestfjarðar nr. 127 frá 1. febrúar 2020 og nr. 128 frá 8. apríl 2020 lagðar fram.

*Lagt fram til kynningar.*

**25 Fundargerðir 2020 Vestfjarðarstofu - 2003304**

Fundargerð 25. fundar stjórnar Vestfjarðarstofu sem fór fram 21. apríl 2020 lögð fram.

*Lagt fram til kynningar.*

**26 Fundargerðir 2020 Hafnasamband - 2001111**

Fundargerð 422. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands sem fór fram 27. apríl 2020 lögð fram.

*Lagt fram til kynningar.*

**1. Fræðslu-,menningar-,íþróttá-,æskulýðsnefnd - 36 - 2004002F**

Fundargerð 36. fundar fræðslu, menningar-, íþróttá- og æskulýðsnefndar sem fór fram 5. maí 2020 lögð fram.

*Sveitarstjórn tekur samhljóða undir þakkir nefndarinnar til starfsmanna sveitarfélagsins fyrir góð störf á krefjandi tímum.*

*Fundargerð staðfest.*

1.1 2002213 - Upplýsingagjöf skólastjóra 2020

1.2 2004687 - Skáknámskeið í þínu bæjarfélagi

1.3 2004709 - Trappa

1.4 2004710 - Þakkir

**2. Byggingar-,skipulags- og umhverfisnefnd - 46 - 2003002F**

Fundargerð 46. fundar Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar sem fór fram 30. apríl 2020 lögð fram.

*Fundargerð staðfest.*

2.1 1809041 - Aðalskipulag Endurskoðun 2019-2031

2.2 1902411 - Breyting á aðalskipulagi

2.3 1902432 - Breyting á deiliskipulagi - Norður botn

2.4 2003358 - Umsókn um leyfi fyrir svölum

2.5 2003506 - Ósk um niðurrif og uppbyggingu

2.6 2004539 - Endurnýjun á íbúðarhúsi að Kvígindisfelli

2.7 2004602 - Strandgata 39-41, sameining lóða

2.8 2004655 - Umsókn um byggingarleyfi

**3. Vinnuskóli 2020 - 2004632**

Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðu mála vegna undirbúnings við Vinnuskóla 2020.  
*Staða máls kynnt og rædd.*

**4. Fæðingarorlof - 1911604**

Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir óskar eftir um framlengingu á leyfi frá störfum í sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps vegna fæðingarorlofs til 1. janúar 2021.

*Sveitarstjórn samþykkir erindið.*

**5. Sumarstörf fyrir námsmenn - átaksverkefni á vegum ríkis og sveitarfélaga - 2005029**

Tölvupóstur frá Vinnumálastofnun dags. 7. maí 2020 þar sem átak vegna sumarstarfa fyrir námsmenn er kynnt. Kom fram að sveitarstjóri sótti um tvö störf fyrir hönd Tálknafjarðarhrepps og hefur styrk vegna eins starfs verið úthlutað til sveitarfélagsins.

*Sveitarstjórn staðfestir málið.*

**6. Umhverfissvottun Vestfjarða EarthCheck - 2005056**

Áhættumat og aðgerðaráæltun vegna loftslagsvár í tengslum við umhverfissvottun Vestfjarðar, EarthCheck.

*Sveitarstjórn vísar áhættumati vegna umhverfissvottunar Vestfjarða til vinnu við nýtt aðalaskipulag sveitarfélagsins.*

**7. Hjúkrunarheimili á Patreksfirði - 2005045**

Lagðar eru fram fundargerðir verkfunda nr. 1 til 4 vegna frumathugunar vegna hjúkrunarheimilis á Patreksfirði.

*Samþykkt að sveitarstjórn fundi með fulltrúum Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða og Heilbrigðisráðuneytis um verkefnið. Sveitarstjóra falið að koma þeim fundi á.*

**8. Lýsing fyrir gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum til umsagnar - 2005076**

Skipulagsstofnun óskar eftir ábendingum um nálgun og efnistöð vegna vinnu við strandsvæðisskipulag á Vestfjörðum.

*Sveitarstjórn leggur áherslu á að þeir aðilar og einstaklingar sem hafa þekkingu á staðháttum og gætu átt hagsmuna að gæta kynni sér vinnu við strandsvæðisskipulag og komi ábendingum á framfæri.*

**9. Erindi Strandveiðifélagsins Króks - 2005006**

Áskorun frá Strandveiðifélaginu Króki til sveitarstjórnar til að efla atvinnu og fjárhag vegna þess ástands sem er í þjóðfélaginu.

*Lagt fram til kynningar. Ekki er tekin afstaða til málsins á þessu stigi.*

**10. Ósk um samstarf-Íbúðarhúsnæði fyrir þitt sveitarfélag - 1903054**

Erindi frá Hrafnshóli ehf. þar sem óskað er eftir samstarfi vegna uppbyggingar

Íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu.  
*Sveitarstjórn hafnar erindinu.*

**11 Upplýsingagjöf sveitarstjóra - 1902453**

*Á fundinum verður lagt fram minnisblað sveitarstjóra varðandi stöðu verkefna.*

*Samþykkt að næsti fundur sveitarstjórnar fari fram þriðjudaginn 9. júní 2020.*

*Samþykkt að selja áhaldahúsbíl og taka nýjan bíl á rekstrarleigu til að leysa hann af hólmi.*

**12 Úttekt á öryggi vegna á Vestfjörðum. Öryggisúttekt í þéttbýli á Vestfjörðum. - 2004594**

*Lagt fram til kynningar.*

**13 Beiðni Umsókn um styrk í styrkvegasjóð vegna vegar út á Suðureyri - 2004566**

*Lagt fram til kynningar.*

**14 Smávirðjanir á Vestfjörðum - 2004589**

*Skýrsla unnin af frumkvæði Vestfjarðastofu lögð fram til kynningar.*

*Lagt fram til kynningar.*

**15 Slysaslepping 02.04. og 15.04 2020 í Arnarfirði og Patreksfirði - 2004638**

*Lagt fram til kynningar.*

**16 Til umsagnar frumvarp til laga um samvinnuverkefni um vegaf framkvæmdir - 2005070**

*Umverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um samvinnuverkefni um vegaf framkvæmdir, 707. mál.*

*Lagt fram til kynningar.*

**17 Ársreikningur 2019 og boð á fjórðungsping - 2005073**

*Ársreikningur Fjórðungssambands Vestfirðinga fyrir árið 2019 lagður fram. Jafnframt lagt fram boð á 65. Fjórðungsping Vestfirðinga sem fer fram í fjárfundi 27. maí n.k.*

*Lagt fram til kynningar.*

**18 Til umsagnar frumvarp til laga um svæðisbundna flutningsjöfnun. - 2005043**

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um svæðisbundna flutningsjöfnun (niðurlagning flutningsjöfnunarsjóðs olúvára), 734. mál.

*Lagt fram til kynningar.*

**19 Yfirfærsla Tálknafjarðarveggar (617-02) frá Vegagerðinni til Tálknafjarðarhrepps - 1911581**

Lögð er fram fundargerð sveitarstjórnar með Vegagerðinni sem fór fram 27.02.2020.

*Lagt fram til kynningar.*

**20 Tölfræði vegna atvinnuleysis Vinnumálastofnun á Vestfjörðum 2020 - 2004585**

Tölfræði vegna atvinnuleysis á Vestfjörðum lögð fram til kynningar.

*Lagt fram til kynningar.*

**21 Ársskýrsla 2019 Byggðastofnun - 2004699**

Ársskýrsla Byggðastofnunar fyrir árið 2019 lögð fram til kynningar.

*Lagt fram til kynningar.*

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi kl. 21:15.  
**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 21:15.**

---

Bjarnveig Guðbrandsdóttir  
(BG)

---

Guðni Ólafsson (GÓ)

---

Björgvin Smári Haraldsson  
(BSH)

---

Lilja Magnúsdóttir (LM)

---

Berglind Eir Egilsdóttir (BEE)